Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til Bjarna: Bréfritari Guðrún Pétursdóttir móðir hans, október 1930 til desember 1931

Bjarni Benediktsson – bréf frá Guðrúnu Pétursdóttur móðir Bjarna - stúlka á Landréttum kærir nauðgun – stórlaxarnir að fara á hausinn – Sambandið vill ekki borga stúlkum meira en 70 aura á tímann – verkbann á Sambandið – skrítnar sögur af hótelhaldi á Borg – nemendur samþykja að fara aftur í menntaskólann – útgerðin í kaldakoli – veikindi – Benedikt fékk 6 atkvæði – ¼ af 100 þúsundum íbúum bera gjöldin – vantraust – Jónas frá Hryflu búinn að gjöreyðileggja flokkinn – þurkar - vatnsskortur – Benedikt ekki velkominn á þing – veit ekki hvað þessi Sjálfstæðisflokkur meinar – bifreiðarslys – saumanámskeið – innflutninghöft – bankastjóranir í Útvegsbankanum eru í fjárþröng – Rósa hjálpar við að setja í ofnana og bera kol

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-1, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 9. okt. 1930.

Elsku Bjarni minn.

Eg pakka þér fyrir bréf sem eg fékk frá þér og þú hafðir skrifað í Björgvin.

Eg veit nú ekki hvar heimilisfang þitt verður, en sendi þetta bréf innan í til Péturs og bið hann að koma því áleiðis til þín.

Við hér erum öll frísk og líður eins og vant er, systur þínar eru allar farnar að fara í skóla, fara þær allar kl. átta á morgnana. Nú er afmælið þeirra á morgun og stendur til að þær bjóða 13 eða 14 stelpum ef þér finst það verða fénaður. Kristjana er ráðin veislustj.

Pabbi þinn fór norður þriðjud. 30 sept. í stjórnarbíl norður á Akureyri, voru þeir þangað tvo daga og strax næsta morgun var hann svo heppinn að fá bíl að Breiðumýri en þar er sláturhús svo að um þetta leyti eru þaðan stöðugar bílferðir til Húsavíkur og um kl. 3 annan okt. var Ben. kominn norður á Húsavík það kalla ég fljóta ferð að haustlagi. Af Húsavík komst hann svo á einhverjum Flóabát til Kópaskers, en í fyrramorgun talaði Ben. við mig frá Víkingavatni og kvaðst þá vera búinn að halda tvo fundi, væri sér

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alstaðar vel tekið en fundirnir hefðu verið fremur fásóttir, því allir væru nú í önnum í fjárrekstr-um og sláturstörfum.

Nýjasta nýtt umtalsefni hér í bænum er núna lögreglan sem var í Landréttum. Var það Hjörtur þefari og Lárus Salómonsson bróðir Helga Hjörvars, hafa þeir víst verið sendir af Jónasi, því Björgvin sýslumaður kveðst engann þátt hafa átt í að fá þá austur og svo hafa staðið yfirlýsingar frá lögreglustjóranum hér, um að þeir hafi ekki verið sendir af hans tilhlutun. En svo er mál með vexti að stúlka nokkur sem var í þessum Landréttum hefir kært herra Salómonsson fyrir að hann hafi nauðgað henni. Kærði hún hann fyrir Björgvin sýslumanni, þykir mönnum nú skörin færast upp í bekkinn, þegar þeir sem gæta eiga siðferðis haga sér þannig. Auðvitað verður þetta þaggað niður ef hægt er. Jónas Hrifla er nýsilgdur út með Botníu síðast, en rétt áður skrifaði hann og Gissur bréf sem nú hefir verið birt í Morgunblaðinu, er það bréf til ~~háskólaráðsins~~ læknadeildar háskólans, þar sem hann tilkynnir að hann hafi bannað ríkisféhirði að greiða Kjartani Ólafssyni lækni laun frá 1 okt fyrir að halda fyrirlestra við háskólann, hinsvegar verði styrkur þessi

greiddur hæfum lækni, ef tillögur kæmi um það frá læknadeild Háskólans. Svo hefir læknadeild Háskólans haldið fund með sér um þetta og samþykkt að biðja Kjartan að halda áfram kennslunni, hann var nl. byrjaður að kenna, hafði ekki fengið neina tilkynningu um að hann ætti að hætta. Heyrt hefi eg að Kjartan hafi átt að segja, að þó hann ætti að gefa með sér, þá væri hann fús til að halda áfram kennslunni. En næsta enn þá undarlegra finnst mér það sem eg heyrði í gær að læknadeild hefði beðið Helga Tómasson að halda fyrirlestra við Háskólann í vetur, eg hefi ekki hitt Helga til að spyrja hann að hvort það væri satt. Var Helgi Tómasson byrjaður að stunda séra Jakob áður en þú fórst? nú gengur hann til hans, séra Jakob liggur hjá Guðmundi Guðfinnssyni. Einar Eyjólfss. sem er náfrændi séra J. sagði mér að Guðm Guðfinnsson hefði ekki ætlað að þora að sækja Helga, samt varð nú skynsemin yfirsterkari á endanum. Hermann lögreglustj. hefir fengið skipað sakamálsrannsókn á Björn Gíslason, út af gjaldþrotinu í vor eða fyrra, en daginn eftir að þú fórst til útlanda hringdi Björn hingað, og sagðist hafa leyfi til að fá sér skipaðan málafærslumann sem verj-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20. nóv 1930.

Elsku Bjarni minn.

Þakka þér innilega þitt góða bréf sem eg fékk frá þér 10. nóv., mér þótti vænt um að frétta að þér líður vel og ert frískur.

Hér gengur alt sinn vanagang. Eg hefi enga vinnukonu í vetur, en Róða gamla hjálpar mér á morgnana með að leggja í ofnana og bera upp kol, það gengur ágætlega. Ólöf og Guðrún fara kl. 8 á morgnana í skólann og kennarinn (Margrét Þorkelsd. frá Reynivöllum) er alt af að hrósa þeim fyrir hvað þær séu prúðar og kunni vel.

Nú eru Kristín og Helgi flutt í íbúðina á Laugaveg 66. Íbúðin er afar flott orðin enda skortir víst ekki mikið á 20 þúsund sem að þessi breyting hefir kostað.

Hjá Baldri og Marenu er eins og vant er oftast einhver krakkanna lasin, nú er það Siggi, hann hefir haft hálsbólgu víst í mánuð, og þegar honum er alveg batnað þá á að taka úr honum kirtlana í hálsinum. Annars er Baldur alt af heldur vel frískur núna, miklu betri í höfðinu síðan hann var í kúrnum hjá Helga í vor.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigga á Lundum er nýkomin suður hún er á Laugaveg 66. Ása er orðin fastur kennari við barnaskólann, ég er fegin að hún stamar ekki við að kenna mínum stelpunum. Hún er voðafín í pelsi o. s. frv.
Hér í Reykjavík er nú heldur ílt útlit, stórlaxarnir að fara á hausinn, eins og Þórður Flygering, Sigurður Runólfsson, Gísli Jonhsen (Vestmanneyja) Luðvík Magnússon og einhver skipstj. með honum, svo hvað vera hver seinastur fyrir Íslandsfélaginu, sumir segja að Njörður og Kol og Salt sé afar tæpt. Það lítur út fyrir að flest fari á hausinn, þá veður nú ekki gott hér í Rvik.
Nú er Hæstiréttur búinn að vísa heim aftur bílabrunamálinu því í fyrra (B. S. R.) sagði að það væri órannsakað og Hermann ákili.
Ég hefi heyrt að maðurinn sem kveykti í væri í gæsluvarðhaldi, þetta er alveg víst en ekki hefur verið getið um það í blöðunum, og ekki er búið að skipa neinn rannsóknardó.
Pabbi þinn er að skrifa þér hann skrifar þér um alt þetta veit ég og eins um þessar ergur sem að eru í skólanum á Akureyri.
Ég má til að stinga því að þér, að þó þú sért í Berlín þá setur enn eftir ógn af ótta og virðingu sem heima ber fyrir þér, því ekki als fyrir löngu var ég

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að segja honum að hann mætti ekki brúka slipsi sem hann var með, leit hann þá þangað sem þú varst vanur að setja við borðið og ætlaði að bera það undir þig.

Sveinn Þórarinsson hefir nú málverka sýningu á málverkum eftir sig og konu sína, ég hefi einu sinni komið þangað sýndist mér margt af því sem Sveinn hefir gert ljómandi fallegt. Því miður er sýningin lítið sótt, og ekkert verið keypt þar enn þá.

Fjóla situr enn með Skjaldbreið, Jónas H. er alt af að reyna að selja hana, Fjóla auminginn er alveg eyðilögð yfir að hafa Skjaldbreið, fyrst hún tók upp á því að gifta sig.

Nú er Hlín flutt inn í Laugarnes með stórskáldið E.B. Ásmundur Sveinsson listamaður er líka að búa til mynd af Einari. Annars var Hlín að hugsa um það nú fyrir skemmstu að fara með Einar til Spánar, og jafnvel að dvelja eitthvað í París í vetur. Gerði ráð fyrir að hún myndi geta unnið fyrir þeim með saumaskap. Hefir haft þar til fyrirmyndar konu Ásmundar listamanns.

Þeir komu hér um daginn Baldur og Þórir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Baldvinssynir og Þórhallur Björnsson frá Kópaskeri, hann er nú á skrifstofu sambandsins hér. Eg man ekki hvort eg gat um það í bréfi því er eg skrifaði þér, að Þórný skrifaði R. systur og lét afarilla af sér, sagði í að hún myndi koma þá strax heim aftur ef að hún gæti gert sig skiljanlega. Síðan hefi eg ekki heyrt neitt frá henni. Hún hefir ekki skrifað mér eða Rönku.

Eg bið hjartanlega að heilsa Rútu.

Vertu blessaður og sæll elsku Bjarni minn
þín mamma
Guðrún Pétursdóttir.

Bjarni Ben.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 17. des. 1930.

Elsku Bjarni minn.
Þakka þér innilega fyrir bréf frá þér sem ég fékk í morgun. Okkur þótti afar vænt um að fá það. Nú fer að líða að blessuðum jólunum. mér þykir verst að geta ekkert sent ykkur fyrir jólin, engar bækur er koma út hér núna eru þess verðar (að því er mér finnst) að ég vilji vera að borga undir þær til Þýskalands. Það verður að nægja að senda ykkur bestu kveðjur með ósk um gleðileg jól og gott og farsælt nýjár, mér þykir mjög vænt um að Pétur ætlar til Berlínar um jólin svo að þið verðið þó saman.

Héðan er nú heldur fátt að frétta, og þó reyndar sitt af hverju ef ég myndi það. það markverðasta sem mér finnst er að Héðinn, Ólafur Friðriksson og Jónína Jónatansdóttir skipuðu 36 stúlkum sem vinna að garnahreinsun fyrir Sambandið, að leggja niður vinnu, stúlkur þessar höfðu 70 aura um tímann. Sambandið neitar að borga hærra, svo hafa Alþýðuforkólfarnir lagt verkbann á Sambandið, það fær ekki sínar vörur upp úr skipunum. Daginn eftir að verkfallið byrjaði kom Suðurlandið með gærur ofan úr Borgarnesi og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eru þar enn í skipinu. Eins átti Sambandið talsvert af vörum í Goðafoss er fer til útlanda í kveld, það hefir ekkert verið átt við þær. Ég hefi eftir góðum heimildum að Jón Árnason í Sambandinu sé langharðastur með að vilja ekki láta undan, líka hefi ég heyrt að Einar ráðherra sé mjög ákveðinn og bölvi Héðni í sand og ösku.

Nú er búið að kveða upp dóm í Hnífsdalsmálinu, var Halfdán dæmdur í 5 mán. fangelsi, Eggert í 3 mán. og sá þriðji sýknaður. Svo þar að auki eiga þeir að greiða helming af málskostnaði og stendur í Morgunblaðinu að fyrir undirrétti muni málskostnaður hafa orðið um fjórtán þúsund.

Af okkur í fjölskyldunni er nú harla lítið að frétta, þetta gengur svona nokkurn veginn við það sama. Við erum frísk hér á Skólavörðustíg 11. og eins á Háleig., nú fyrir fjórum dögum voru teknir kirtlar úr hálsi og nefi á Sigurði Baldurssyni, honum líður nú vel síðan. Hjá Helga og Kristínu líður vel, en Fjóla er alt af hálflasin og vill ólm selja Skjaldbreið síðan að hún eignaðist manninn. Pabbi þinn og ég komum þangað á sunnudaginn var, hún sagðist vera alveg uppgefin á þessu veitingahúshaldi, nema hún vill halda

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Matstofunni, enda undrar mig það ekki eftir því sem hún sagði. Þá hefir hún borgað Skjaldbreið petta ár með átján þúsundum frá Matstofunni.

Um daginn, það er að segja um síðustu mánaðarmót var Hlín albúin að leggja á stað með Einar Benediktsson til Spánar en svo tafðist skipið sökum þess að greiðsla á farminum var eitthvað í ólagi og nú þykir mér ólíklegt að þau fari héðan af, eftir því sem fregnir eru nú frá Spáni.

Heldur ganga skrítnar sögur um hótelhald Jóhannesar Borgareiganda, ein er t.d. sú að Þórarinn Kristjánsson hafði um daginn komið þar inn með fleirum og pantað mat og vildi fá „Þórsöl“ með matnum, en það var þá ekki til, en af því að Þórarinn er stór hluthafi í Þór þá gekk hann ríkt eftir að fá ölið, og sagði að öll I kl. Hótel hefðu alla þess háttar vöru á boðstólum, Jóhannes bóndi kemur þá sest á stólbríkina hjá Þórarni og ber í borðið og segir víst sitt álit á Þórsöli, og það endaði þannig að Þórarinn Kristjánsson hringdi á þjóninn og bað hann að losa sig við þennan mann, skreyptist þá Jóhannes burt.

Þú manst eftir stóra svarthærða manninum á bögglapóststofunni, hann býr hér á Óðinsgötunni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rétt fyrir sunnan okkur, heitir Sigurður Benediktsson var oft í sumar í bíl sem hann átti sjálfur, hann er kallaður „Pósthúsið“ kona Héðins er alt af með þessum manni núna, stundum víst meira á nóttunni.

Það á að selja verslunina Manchester á Laugavegi, eigendur hennar eru víst Eyjólfur Kolbeins og Halldór Gunnarsson kaupmaður, Sigurður tengdasonur Péturs Hjaltesteds var forstjóri þessarar verslunar en er veikur og ætlar á Kristneshælið. Mjólkurfélagið hefur sett upp gríðarstóra verslun í nýja húsinu sínu við Hafnarstræti og svo er það nýbúið að kaupa Liverpool af Magnúsi Kjaran, það er alveg makalaust hvað Mjólkurfélagið þenur sig út yfir mikið. Hvað Magnús Kjaran ætlar að gera hefi eg ekki heyrt, en líklegt þykir mér að hann hafi grætt duglega á Alþingishátíðinni.

Það varð heldur gleði hjá litlu systrum þínum áðan þegar þær fengu bréfið frá þér, öll þau blíðmæli sem töluð voru um þig það hefði nú verið gaman að heyra.

Og sendi þér og Rúti sitt hvort flaggið og óska ykkur gleðilegra jóla.

Ranka er að skrifa þér leyndarmálið um S frænku sem enginn má vita. Bið að heilsa Rúti.

Vertu blessaður og sæll þín mamma

Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 3. febrúar 1931

Svarað 17. 2. '31

Elsku Bjarni minn.

Eg þakka þér hjartanlega fyrir bréfið sem eg fékk frá þér nú alveg nýskeð og þú hafðir skrifað 21. jan. Pabbi þinn og Ranka hafa nú alveg nýskeð skrifað ykkur Pétri og þau skrifa nú svo ýtarlega og skemtilega um þá hluti sem að þið hafið mest gaman að frétta um.

Undanfarna daga hefir alt logað út af þessu uppistandi í Mentaskólanum, það komust nú loksins sættir á í gærkveldi og tímar byrjuðu aftur í morgun og á nú víst alt að heita jafnað þó þurfti nú Útvarpið að skýra frá því að deilan væri jöfnuð og að piltar hefðu orðið að láta undan, kenna þeir Pálma um að hann hafi skýrt þannig frá og getur þú skilið að hvorugir þola að helst sé um á eftir að hinn hafi látið undan. Flestir betri borgarar bæjarins finnst Pálmi hafa hagað sér eins og fífl í þessu og eru afarreiðir við hann. Á laugardaginn var voru nemendur búnir að samþykkja að koma ekki í skólann, og voru 120 er voru fyrir utan skólann, en 13 höfðu verið á móti því að „skrópa“ og þeir fóru

náttúrlega í skólann, en 17 voru svo reknir af foreldrum og aðstandendum meira og minna nauðug. Jessen vélstj. hafði komið með tvo krakka sína í bíl og afhent þau Pálma, sonur Bjarna sál. frá Vogi, er heitir Magnús og er í fyrsta bekk, var fylgt í skólann af móður sinni og afhentur Pálma. Í 3. bekk kom aðeins einn og var það Þorsteinn sem Smiðjuhólssystur ala upp og hafði Petren er starfar á lestrarsal Alþingis rekið hann eins og sauð á undan sér. Svona má lengi telja. Tveir synir Tryggva Þórhallssonar voru á móti skólasystkinum sínum í þessu svo auðvitað voru þeir sjálfsagðir að vera í skólanum, og Jón Ófeigsson lét son sinn ganga við hlið sér í skólann á laugardag. Annars hefi ég heyrt að Pálmi hafi hringt til allra foreldra barna þeirra sem voru í skólanum, og hann hélt að væru framsóknarmegin, eða eitthvað í venslum við hana, og verið reiður og spurt hvernig á því stæði að börnin kæmu ekki í skólann. T.d. hringdi hann til konu Ásmundar Guðmundssonar docents, hún svaraði honum því, að hún léti ekki sín börn rjúfa samtök skólasystkina sinna. Eins var Þorkell forstjóri veðurstofunnar eindreginn með piltum, hann á tvo syni í 5. bekk

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

og annar þeirra var víst eitthvað deigur í fyrstu, en hann hafði bannað honum að fara í skólann fyrr en sættir væru komnar á.
Hann hefir víst mikið gert til þess að sefa kennarana og sýna þeim í hvaða óefni komið var, hann er eins og þú veist persónulega kunnugur þeim öllum og gamall kennari frá skólanum. Við pabbi þinn vorum á þessum foreldra og aðstandenda fundi á sunnudagskveld, þar voru nú sumir býsna reiðir við Pálma. Pabbi þinn spurði mig þegar við komum heim, hver hún hefði verið hin skörulega kona sem hefði risið upp frammi í anddyrinu eins og grimm ~~ap~~ álft sem væri að verja unga sína, gat eg frætt hann um að það væri móðir hennar Fríðu Proppé, hún sagði með tárin í augunum, að hún hefði alið upp hingað til brýnt fyrir börnunum sínum að virða kennarana o.s.frv. en nú skyldi hún héðan í frá láta sér á sama standa þó þau sýndu þessum sem hún ákvað ekki virðingu. Pálmi hefir ekki vaxið af þessu. Í morgun höfðu piltar sumir, sem eru í heimavist, verið að flytja sig þaðan, ekki svo, að þeir væru reknir, heldur vildu þeir ekki lengur vera þar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ætli Jónas geti hrósað sér af því á þinginu
í vetur að hann hafi endurreist Mentaskólann
auðvitað lýgur hann einhverju í þessu
máli. Alt er tóm blygðunarlaus lygi.

Mikið ljómandi talar hann Sölvi Blöndal
vel, af ungum mönnum sem ég hefi heyrt
halda ræður nú um langan tíma þá ber hann
svo af öðrum, hann hefir framúrskarandi
málróm og mælskan ótæmandi.

Við vorum í skírnarveislu á laugardags
kvöld, hjá Kristinn og Helga. Litla stúlk-
an var skírð Ragnhildur, skírði biskup
en móðir Helga hélt telpunni undir skírn.
Þarna voru um 20 boðsgestir alt saman
gift fólk nema Lóa systir og Sigríður
systir Helga. Þar var borðað voða fínn og góður
matur og var fólkið þar frá kl. 6½ - nærri
1 um nóttina.

Okkur hér líður vel erum öll vel frísk,
Ranka er vel frísk í vetur, hefur farið í skól-
ann hvern einasta dag nema þessa uppstillands
daga. Ólöf og Guðrún eru alt af sílesandi
svo að það er nærri því um of. Það eru alt af sí-
feld próf í barnaskólanum í allan vetur, um
daginn hafði verið skriflegt próf í landafræði, og fóru
þær að segja, að þær hefðu nú eiginlega verið spurðar að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því sem þær voru ekki búnar að læra, til dæmis áttu þær að svara hvaða fjöll væru í milli Evrópu og Asíu og settu þær Pyreneyjafjöllin þar, og svo aftur Alpafjöllin í staðinn fyrir Pyreneyjafj. Þegar svo pabbi þeirra sagði þeim að þetta væri ekki rétt ætluðu þær að sleppa sér af gráti.

Fyrir jólin lét ég taka eftir myndinni af þér, þar sem þú ert með Hákoni og Jónatan. Ég lét auðvitað taka þína mynd frá, gaf svo pabba þínum aðra en afa þínum hina, myndin er svo ágæt að þegar ég kem ofan á morgnana þá er alveg eins og ég sjái þig sjálfan.

Annars lætur Pétur svo mikið af því í bréfi sem hann skrifaði mér nú eftir nýjárið að þú sért orðinn svo fínn, svo mig langar svo afarmikið til að þú spanderir í að láta taka mynd af þér í Berlín. En þá verður þú að senda Baldri mynd af þér, hann langar svo til að eiga góða mynd af þér.

Kristín kona Helga Helgasonar andaðist í morgun, hún var búin að vera veik í meira en ár. Páll Gíslason frá Kaupangi er líka nýlátinn, hann lá aðeins í fjóra daga í lungnabólgu. Hann var eini kunningi minn sem ég átti fyrir utan mitt skyldfólk.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annars deyr margt fólk í vetur í hverju einasta blaði eru margar dánartilkynningar.

Hér er heldur óhugur í mönnum út af horfunum. Fiskverð afarlágt og útgerðin því í kaldakoli. Hvernig þetta alt verður framvegis er ekki gott að segja. En ef útflutningur minkar mjög mikið, en alt af er flutt inn ótakmarkað þá skil eg ekki í öðru en krónan lækki. Tryggvi hafði sagt á fundi uppi á Kjalarnesi nú nýskeð að verklegar framkvæmdir yrðu litlar á árinu 1932. Hvaðan fást peningar handa öllum þessum stofnunum sem búið er að hrúga upp, ef sjávarútvegurinn hættir að borga, og bændur geta ekki selt ullina, og þurfa að fá uppbót á hverjum mjólkurpotti sem þeir selja (samanber Borgfirðinga með Mjöll).

En hvað mér þykir vænt um Bjarni minn að þú heldur þig á góðum kaffihúsum og forðast ölknæpurnar. Þú hefir altaf hagað þér skynsamlega og vona eg að Guð gefi mér að þú haldir áfram að gera það.

Vertu altaf margblessaður og sæll

þín elskandi mamma

Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifaði aftur 28. mars 1931.

Reykjavík 12. marz 1931

Elsku Bjarni minn.
Þakka þér þitt góða bréf sem ég fékk nú um helgina. Pabbi þinn fékk sama daginn nokkrum kl.t. seinna bréfið sem þú hafðir skrifað honum 23. febrúar. Af okkur er alt svona sæmilegt að frétta. Hér hefir verið talsverður lasleiki, Ólöf og Guðrún lágu núna viku í hlaupabólu og voru talsvert veikar þær eru nú komnar á fætur fyrir viku síðan en eru hálf máttlausar og guggnar sérstaklega Ólöf, þær hafa ekki farið í skólann ennþá, og læt ég þær ekki fara þangað fyrri en þær eru alveg búnar að ná sér. Ranka og hennar bekkur fór í gær inn að útvarpsstöð, þau fóru í þessum arga kassabíl sem Jónas úthlutaði mentaskól-anum í fyrra, til að fara í skemtiferðir á. Ranka var veik þegar hún kom heim af uppköstum, hún sagði að bílinn hefði hristst svo agalega. Hún er betri núna, en samt er hún hálflasin.

Pabbi þinn hefir víst skrifað þér um ráðstafanir þær er Jónas dm.r hefir gert bæði til þess að hann yrði ekki kosinn forseti og eins til þess að hann verði ekki kosinn á þing aftur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér þykir nú Jörundur hálf kynugur að vilja bola Benedikt í burtu úr forsetamennskunni því Jörundur hefir í vetur komið hér æði oft og verið mjög vinalegur. Ég hefi ekki séð Jörund síðan daginn sem þing var sett, þá fór ég ofan eftir, og eftir að búið var að slíta fundi þá kom Jörundur til mín og heilsaði mér mjög glaðlega, og segi ég svona við hann, er það satt Jörundur að þér eigið að verða forseti í staðinn fyrir Benedikt? Mikil óskup það hefi ég ekki heyrt segir Jörundur, þetta eru bara kjaftasögur og tilbúningur, þetta hefir nú sagt maður eftir Jónasi frá Hriflu segi ég, þetta er vitleysa segir Jörundur, svo kvöddumst við eins og vant var sem kunningjar. Þetta var á laugardag, en það var frestað að kjósa forseta og starfsmenn þingsins þangað til á mánudag, því að tuskurnar að austan Þorl. Sveinn í Fíflholti og Ingvar þeir komu á laugardagsmorgun. Svo á sunnudaginn hringdi Tryggvi hingað og sagðist ætla að koma og tala við pabba þinn, og komu þeir svo í tveim bílum Tryggvi, Ásgeir og Bjarni Ásgson. Þeir fóru svo að tala um forseta kosningarnar og þóttust vera með Ben. En sögðu að Jónas væri búinn að bjóða öllum flokkmönnum sínum í miðdagskaffi til sín á kl 3. nema ekki Ásgeir og auðv. ekki Bened. en Bjarni sagðist fara þangað. Svo um kvöldið var haldinn flokksfundur og þá var Jörundur kosinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með 7 atkvæðum pabbi þinn fékk 6. og einn var auður. Ef Tryggva og Ásgeiri hefði verið nokkur alvara með að vera með pabba þinum þá má nærri geta að þeir hefðu getað agiterað á móti Jónasi. En þessir menn verða nú ekki alt af alvaldir, nýjir menn koma fram og mikið má Jörundur vera falskur. Ásgeir gamli Eyþórss. var svo reiður við Jörund hann sagðist ekki heilsa svo-leiðis hundi, en það var nú fyrst á eftir.

Annars er ekkert nýtt. Jón á Þórshöfn er nýkominn í bæinn, hann er eins og vant er góður og elskulegur, er víst mjög illa staddur með verslunina, á um 100 þúsund útistandandi.

Alt af hvað hún vera mikið veik dóttir Ámunda sál. kaupmanns. Kristín systir sagði nýskeð að hún hefði líka galopperendi tæringu.

Vertu alt af blessaður og sæll líði þér sem best

þín mamma

Guðrún Pétursd.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1. apríl 1931.

Elsku Bjarni minn.

Eg má til að skrifa þér nokkrar línur svo að þú sjáir að við erum öll lifandi og heyrir að okkur líður sæmilega.

Hér hefir verið aldrei þessu vant talsverður lasleiki, þó við höfum ekki fengið influensuna nema lítið eitt, Ólöf og Guðrún byrjuðu nú á því að fá hlaupabólu og lágu í henni talsvert veikar undir ½ mán. svo hefir Ólöf ekki farið í skólann síðan en hún er nú að hressast. Svo fékk Ranka ilt í fótinn, hún fékk fyrst svolítið hælsæri, svo fékk hún ilt úr því blóðtappa sem olli bólgu um hnéð, og eitt kvöld hafði hún svo miklar kvalir að okkur þótti nú nóg um. En nú er hún orðin frísk, það var skólaball í gærkveldi og fór hún ekki þangað því hún mátti ekki dansa.

Nú var í gær settur flokksfundur Framsóknarmanna þar á að ákveða hverjir verða í kjöri við næstu kosningar. Það er víst að Jónas hefir skipað Birni Kristjánssyni að bjóða sig fram, hvort pabbi þinn býður

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sig þá fram líka veit ég ekki. Jón Bjarnason af Þórshöfn vill eindilega að hann bjóði sig fram, svo fékk hann nú með Esju ótthvað af áskorunum, hvað verður veit ég ekki. Það er illt við þetta að eiga fyrir ýmsra hluta sakir.

Mér óar að sjá alla þessa labbakúta sem koma víðsvegar að og eiga að ráða hvað menn bjóða sig fram. Eins og t.d. þeir á Lundum, og aðrir þaðan af verri.

Það vildi ég að þú værir 25 ára. en tíminn líður, þú hefur nú gott af því að þorskast og ástandið hér heima er afskaplegt mér finst óskaplegt fyrir almennilega menn að þurfa að vera í öðrum hvorum þessum flokkum. En hvað þetta getur gengið lengi, allir eða flestir búast við að Framsókn muni sigra við næstu kosningar, þeir eru svo snöðugir að ljúga og bændur ekki ennþá farnir að skilja hve djúpt við erum sokkin fjárhagslega. Það var grein í Alþýðublaðinu í gær, þar sem minst var á merkustu bók ársins Árbók Hagstofunnar. Í þeirri grein stendur að, peningavelta landsins hafi aukist mjög hin síðustu ár, og nú á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undanförnum góðærum, hafi stjórnin, í stað þess að leggja fé í eitthvað — sem gæfi arð í aðra hönd, að vísu látið gera ýmislegt gagnlegt, en sem hafi svo mikinn kostnað í för með sér að það muni vera erfitt að bera hann.
Þeir sem fara með stjórn landsins ættu að muna að það eru aðeins 100 þúsundir sem eiga að greiða allt eða auðvitað er það víst ekki meira en ¼ af þessum 100 þús. sem ber gjöldin.
Á þingi ber lítið sögulegt til. Jónas hvað sjaldan tala og oftast vera nokkurnveginn rólegur.
Nú eru þeir Árni Pálsson og Þorkell búnir að halda úrslita fyrirlesturinn þar sem að þeir keppa um prófessors emb. þeir héldu fyrirlesturinn síðastl. fimtud á föstudag hélt svo nefndin fund og öll greiddu atkvæði höfðu verið með Árna, en svo á laugardag þá þurfti Páll Eggert að hvika sig á Jónasar máli, svo að þeir hafa ekki getað samið enn greinargerð fyrir áliti sínu. Ég hitti Ólaf próf. Lárusson á Laugaveg 66 í gær, og sagði hann að af orsök gætu þeir ekki enn þá samið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greinargerðina, en það fer nú kannske að renna af Páli.
Allt frændfólkið biður hjartanlega að heilsa þér.
Líði þér sem best elsku Bjarni minn þín mamma
Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Reykjavík 17. apríl 1931.

Elsku Bjarni minn.

Ég býst við að um það leyti sem þetta bréf kemur til þín verðir þú tuttugu og þriggja ára og óska ég þér gæfu og gengis á nýja árinu.

Ég þakka þér bréf sem ég fékk frá þér nýskeð líka fékk pabbi þinn kort frá þér frá París.

Nú er heldur róstusamt heima, hirði ég ekki að rekja það nákvæmlega, þú sérð af blöðunum sem við sendum þér í dag svona nokkurnveginn hvernig ástandið muni vera. Tryggvi frá~~ss~~ast við að segja enn þá en er búinn að leysa upp þingið, og þannig lagað gerræði leyfir hann sér að gera, án þess að halda fund áður með öllum flokksmönnum sínum og tala við þá um þetta líka litla atriði að leysa upp þingið. Vantraustið átti að vera til umræðu á þriðjudag kl. 1., var búið að undirbúa alt undir það að útvarpa ræðunum og koma sér saman um að tveir og tveir skyldi tala af hverjum flokki átti hver að tala í ½ tíma. átti Jón Þorláksson að byrja. Kl. 10 þenna sama morgun fór pabbi þinn á sjávarútvegsnefndarfund, og vissi ekki annað en þetta byrjaði alt á tilteknum tíma,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Reykjavík 17. apríl 1931.

Elsku Bjarni minn.

Ég býst við að um það leyti sem þetta bréf kemur til þín verðir þú tuttugu og þriggja ára og óska ég þér gæfu og gengis á nýja árinu.

Ég þakka þér bréf sem ég fékk frá þér nýskeð líka fékk pabbi þinn kort frá þér frá París.

Nú er heldur róstusamt heima, kenni ég ekki að rekja það nákvæmlega, þú sérð af blöðunum sem við sendum þér í dag svona nokkurnveginn hvernig ástandið muni vera. Tryggvi fráttast við að selja enn þá en er búinn að leysa upp þingið, og þannig lagað gerræði leyfir hann sér að gera, án þess að halda fund áður með öllum flokksmönnum sínum og tala við þá *um þetta líka litla atriði að leysa upp þingið*. Vantraustið átti að vera til umræðu á þriðjudag kl. 1., var búið að undirbúa alt undir það að útvarpa ræðunum og koma sér saman um að tveir og tveir skyldi tala af hverjum flokki átti hver að tala í ½ tíma. átti Jón Þorláksson að byrja. Kl. 10 þessa sama morgun fór pabbi þinn á sjávarútvegsnefndarfund, og vissi ekki annað en þetta byrjaði alt á tilteknum tíma,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en kl. rétt um 12 kemur hann heim aftur og þá hafði Tryggvi sagt honum að hann ætlaði að leysa upp þingið, flýtti eg mér að gera það sem eg þyrfti og kanst ofan eftir rétt í því að Ásgeir var að setja fund, og þá sagði hann að forsætisráðherra hefði kvatt sér hljóðs utan dagskrár, stóð þá Tryggvi upp allbreiður og las upp þetta ávarp sitt, og var með sinni vanalegu breidd að tala um þetta merkilega 1001. þing þjóðarinnar. Um leið og Tryggvi hafði lokið máli sínu stóð Héðinn upp og hrópaði niður með stjórnina niður með konungsvaldið. Svo tóku við hver af öðrum og hrópuðu niður með stjórnina niður með konunginn, kanst Ásgeir aldrei að, til að slíta þinginu. Ruddust nú flestir þingmenn úr sætum sínum nema pabbi þinn og Jón Ólafsen sátu kyrrir, köstuðust þeir einkum á kveðjum Héðinn og Jónas Jr. og Ólafur Thors Jónas kallaði Héðinn svikara en Héðinn svaraði að Jónas hefði verið sósíalisti og svikið þá og nú sviki hann alla, ennfremur kallaði hann Jónas þjóf sem þyrði ekki fara úr hreiðrinu fyrri en búið væri að fela þýfið, hann ætti sammerkt með öðrum þjófum. Margir voru það fleiri sem sendu Jónasi og Tryggva ófagrar kveðjur, en Einar ávarpaði enginn. Fountaine

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sendiherra Dana var í ráðherraherberginu, og hafði Pétur Ottesen snúið sér að honum og sagt að vonandi færi nú að styttast sá tími sem við yrðum að horfa á danska þjónara í ráðherraherberginu. Þú sérð nú á þessu hvernig andinn er. Tryggvi var svo búinn að biðja þingmenn að koma heim með sér, nú átti að fara að tala við þá. Þeir urðu svo samferða útúr þinghúsinu Tryggvi, Jónas og Sveinn í Firði, og þegar fólkið sá þá ráðherrana koma út þá kvað við hróp að þeim og hópur elti þá með hrópum suðureftir, Sveinn gamli dró svo Jónas með sér inn í hús Álfheiðar Briem og þar staðnæmdist fólkið en Tryggvi fór heim. Svo voru fundir haldnir og margfarið heim að húsi Tryggva, seinast í gærkveldi kl 9. fóru um 4–5 þúsund þangað suður eftir og voru 3 íslenskir fánar í fararbroddi. Í gær sendi Framsóknarstjórnin út fregnmiða um að Jónas og Einar myndu beiðast lausnar ef að Tryggvi fengju að setja kyr. Annars er víst allt á ringulreið í Framsóknarflokknum sem betur fer er víst veldi hans á enda, það er eins og mér finnist jörðin sem eg geng á og alt umhverfi stöðugra og öruggara síðan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í gær að ég heyrði að Jónas Hrifla myndi beiðast lausnar. En svo var fundur heima hjá Tryggva í morgun, og þá hélt Jónas að hann gæti tekið þetta aftur og haldið áfram að vera ráðherra eins og ekkert væri, en Ásgeir hélt að það gengi nú ekki vel, þegar búið væri að útvarpa þessu um allt að þeir ætluðu að beiðast lausnar þá yrði það að standa. Framsóknarflokkurinn fékk um fleira að hugsa en að sparka pabba þínum. Jónas er nú búinn að gjöreyðileggja flokkinn með bakdyramakki og illmensku, ég vona að Jónas sökkvi nú niður og komi aldrei upp aftur sem stjórnandi. Tryggvi greyið er alveg brotinn á bak aftur pabba þínum sýndist hann veikur í morgun og kona hans hvað vera alveg frá. Þau hafa orðið að taka börn sín úr barnaskólanum, þeim var ekki vært þar. Ólöf og Guðrún sögðu í gær að strákar í 8. bekk hefðu verið í smíðatíma og smíðað sér spjöld og letrað á þau ýmislegt, t. d. sonur Ásgeirs í Laufási letraði á sitt spjald. niður með konungsvaldið, einn málaði sitt spjald svart og sagði að svona væri samviska stjórnarinnar.

Ég hefi ekki komið á neitt fund, hefi ekki viljað eiga undir því að ég væri þar hlutlaus.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta er nú bara um þetta ástand hér í bænum. maður getur varla um annað hugsað. Pabbi þinn er að skrifa Pétri og biður hann svo að senda þér bréfið. Verður það allt mikið greinilegra, en ég vona að þér þyki þetta betra en ekki neitt, þangað til þú færð ~~þett~~ það bréf. Við erum öll frísk núna. Ránka bað mig að skila kveðju sinni til þín og segja að hún mætti ekki vera að því að skrifa þér. Hún hefir nú skriflegt á hverjum degi. Hún er orðin góð í fætinum. Þú getur ímyndað þér hvernig muni liggja á fjölskyldunni bæði á Háteig Lv. 66. og Fjölni.

Gunnar á Selalæk hvað ekki vera hátt upp skrifaður núna hjá Jónasi. ~~Gun~~ það valt á atkvæði Gunnars í neðri deild bæði Lögsvirkjunin og stjórnarskrármálið. Gunnar hefir núna síðasta ½ mánuðinn komið oft hingað og er nú heldur rólegur og sýnist vera mjög ánægður.

Vertu blessaður og sæll elsku Bjarni minn.

þín mamma
Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1. júní 1931.

Elsku Bjarni minn.

Það er nú orðið afarlangt síðan að eg hefi skrifað þér, en það stafar nú af því að eg hefi haft svo afar mikið að gera, fyrst að gera hreint alt húsið, sem Arnfríður hjálpaði mér nú til með, svo hefi eg þurft að sauma ýmislegt sem ekki þoldi bið, og svo nú síðast að setja í allan garðinn, það eru nú sífeldir þurkar svo að helst er útlit fyrir að bæði grasvöxtur og garðar verði ónýtir, en veðrið er yndislegt alt af sólskin frá morgni til kvölds og nú síðustu daga vel heitt, en aldrei rigning, og eg get ekki lagt það á mig að vökva garðinn, þegar eg hefi ekki útikrana eða slöngu. Eg verð svo þreytt á því að bera mikið vatn út, enda oft af skornum skamti vatnið hér síðan farið var að þvo fiskinn, þá oftast vatnslaust um miðjan daginn. Litlu stelpurnar hjálpa mér það sem þær geta, en Ólöf er aldrei vel frísk síðan hún lá í hlaupabólunni í vetur. Helgi skoðaði hana nú nýskeð en hefir ekki enn þá sagt hvað að henni er, vonandi er það ekki mikið

Aumingja Ranka hefir nú verið að lesa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undir próf af kappi undanfarið, en nú er prófið byrjað, venandi gengur það bærilega.
Benedikt fór norður í kosningaleiðangur 19. maí fór hann héðan og komst í Norður þingeyjarsýslu á þriðja í Hvítasunnu, ekki er hann farinn að halda neina fundi enn þá en í gær sendi hann skeyti og sagði að hann færi með Esju til Þórshafnar og þeir byrjuðu fundi þar. Esja fór frá Kopaskeri í dag. Björn Kristjánsson bauð sig fram líka sem Framsóknarmaður Jónas hefir víst skipað honum það. Björn sendi pabba þínum skeyti og stóð í því, „býð mig fram til þings sakir áskoranar, engir fundir haldnir nema þú komir". Auðvitað fór pabbi þinn til að halda fundi því á þeim hlýtur hann að græða. Sjálfstæðismenn létu Jón Guðmundsson í Garði í Þistilfirði bjóða sig fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn, en þeir segja að hann verði látinn draga sig til baka þegar þeim þykir sem mest gagn megi verða að því fyrir Benedikt. Jón á Þórshöfn skrifaði Benedikt það. Benedikt hefir sent skeyti að norðan og sagt að sér liði ágætlega en ekkert nefnt neinar kosningahorfur, enda sagði hann áður en hann fór, að

það væri ómögulegt, hvorki að síma eða tala að norðan því þeir á Kópaskeri heyrðu það allt, og þar væri allt aflagið í símanum.
Friðrik í Efrihólum skrifaði Benedikt og sagðist vera með honum eins og áður og færi hann ekkert dult með það og bauðst til að fylgja honum um sýsluna eins og áður. En heldur er kyndug afstaða Framsóknarhöfðingjanna Ásgeirs og Tryggva, þeir segja báðir að Benedikt sé boðinn fram fyrir flokksins hönd samkvæmt einróma samþykkt flokksstjórnar, en í Tímanum eru þeir báðir taldir frambjóðendur flokksins. Morguninn sem Benedikt fór norður hitti hann Tryggva og bað hann um að fá hjá honum yfirlýsingu um að flokkurinn biði Benedikt fram, þá fór nú Tryggvi að aka sér og sagðist nú síður vilja gera það, en ef þeir bæru brygður á það fyrir norðan þá skyldi Bened. síma sér og þá skyldi hann (Tr.) strax senda honum yfirlýsingu símleiðis.
En nú er Tryggvi farinn norður í land.
Í gær byrjuðu kosningafundir hér, ég var þar ekki, en var sagt að Héðinn og Magnús J. hefðu talað ágætlega. Heldur hafði Helgi Briem haft lítinn byr á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundinum, Héðinn kallaði hann pelabarn
Jónasar. og einhverntíma nefndi Helgi Jónas
Hriflu vitnaði eitthvað í hann, og þá ætlaði
alt að verða vitlaust af hrópi og stappi.
Jónas fór úr bænum í gærmorgun, er sagt
hann ætli að fara norður í Skagafjörð, hann
hefir ekki þorað að vera hér á fundum þeg-
ar á hefir átt að herða. Héðinn skammar
Framsóknarmenn ákaflega, á fundi við Ölfusá
nú fyrir viku, þá hafði Jörundur farið að tala
um ýstruna á Héðni og í sambandi við að
hann væri jafnaðarmannaforingi. Svo þegar
Héðinn svaraði honum aftur þá hafði hann
sagt að það sæist á sér það sem hann léti
í sig, en á Jörundi sæist ekkert þó hann
hefði stolið 40 þúsundum, Jörundur kallaði
þá að hann vitnaði upp á hann, og sagði Héðinn
að það þætti sér gott, því þá kæmi í ljós hvað
hann hefði gert af þeim svo fékk Jörundur að
heyra framhjátöku sína og að hann geymdi
stelpuna á næsta bæ, væri flokkssvikari o. s. frv.
Magnús sýslumaður fékk hjá honum að heyra
brigsl bæði um embættisrekstur og kvennafar.
það lítur út fyrir að þessar kosningar verði
afarheitar. Ranka skrifaði þér um daginn
strax og búið var að veita þér styrkinn til að
láta þig vita að þú hefðir fengið 4 þúsund kr.
eins og þér hafði verið lofað í byrjun.

Og skrifa þér bráðum aftur. Vertu blessaður og sæll þín mamma
Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifað 26. júlí 1931.

Reykjavík 8. júlí 1931.

Elsku Bjarni minn.

Þakka þér innilega hin ágætu bréf sem þú hefir nýlega skrifað. Gleður það mig að enn er skapið hið sama og vona ég áður en mjög langt líður að land og þjóð fái að njóta góðs af drenglyndi þínu og festu og réttsýni.

Já svona fór það, pabbi þinn féll, það var við því að búast, og mér finnst léttir að því, að vita að hann er ekki nú á þingi í sumar, í þeim skitugа félagsskap sem þar er. Enda var öldungis óverjandi að vera í þessum Framsóknarflokki sem alt af er að versna, ég hélt að ~~pabbi~~ Benedikt og einhverjir fleiri ærlegir menn mundu geta haft áhrif í flokknum til góðs, en það var nú eitthvað annað. En sá[u]m er þeirra gerð Framsóknarhöfðingjanna gagnvart Benedikt. Jónas sagði það þó alveg hreint við Benedikt að hann vildi ekki hafa hann á þingi, en Tryggvi og Ásgeir þeirra framkoma er fyrir neðan allar hellur, þeir þykjast og eru ef til vill með Ben, en þora ekkert að segja eða gera, og Jörundur, sem hefir þótts vera vinur okkar, þeir þora engir að æmta eða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hreyfa sig fyrir almenninu. Svo er nú þessi sjálfstæðisflokkur, að sjá Morgunblaðið núna aldrei eina einasta almennilega grein í því, eg held að þann flokk vanti alveg stjórn, eða að minsta kosti alla forsjá.

Jónas hinn hlutlausi útvarpsstjóri er á ferðalagi að því er sagt er að safna áskorunum um að Jónas Hrifla verði forsætisráðherra, hvað verður er ekki gott að segja. Þeir sem hitt hafa Ásgeir Ásgeirsson segja að hann sé enn þá varkárari en nokkru sinni áður, en muni samt vera hálfkvíðinn. Það er nú vika þangað til þingið kemur saman, og þá fer nú að sjást hvort ekki muni magnaður flokkadráttur í stjórnarherbúðum.

Nú fór Sveinn norður í gær með Íslandinu. Bjarni Guðmundsson fór með honum og verður hjá honum í sumar. Sveinn bjóst nú við að sér myndi hálfleiðast fyrir norðan í sumar, nú hefði hann ekki Bjarna bróður.

Hér er núna gott veður, í gær var ágætisveður. Það lítur út fyrir að alveg verði rófugarðarnir ónýtir í sumar, það eru oftast svo miklar kuldar, grasbrestur hvað vera víðast.

Vertu blessaður og sæll Bjarni minn líði þér altaf sem best mamma þín

Guðrún Pétursdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa ~~16. ág. 1931.~~

Reykjavík 4. ágúst 1931.

Elsku Bjarni minn.

Þakka þér kærlega ágætt bréf sem eg fékk frá þér í gær, það fer nú Goðafoss til Hamborgar í kveld svo eg ætla að skrifa þér nokkrar línur. Eg hitti rétt áðan Ásgeir Guðmundsson lögfræðing frá ~~Al~~ Nesi sagðist hann vera að fara til Þýskalands nú í kveld og fékk heimilisfang þitt hjá mér, kvaðst hann myndi hitta þig, samt bjóst hann nú ekki við að verða kominn til Berlínar fyrri en um miðjan mánuð þennan, og sagði eg að það gæti þá alt eins verið að þú værir þá farinn eitthvað, því fyrirlestrar við háskólann væru núna úti. Kvaðst hann mundi skrifa þér frá Hamborg.

Ekki er búið að mynda stjórn enn þá, þó er talið víst að Tryggvi, Jónas og Ásgeir verði í stjórninni, en einhver skilyrði er sagt að Ásgeir setji, eins og t. d. að engin mál verði útkljáð eða framkvæmdir gerðar nema samþykt hafi áður verið á ráðherra fundi. Jónasi kvað þykja þetta óþarft, því Tryggvi hefir víst engan þannig lagaðan fund haldið síðan hann varð ráðherra

Það má nú nærri geta hvað gagn er í þessum ákvæðum, þegar Jónas er kominn í stjórn kúgar hann auðvitað Tryggva til þess að vera með öllum illvirkjum. Eins er sagt að þeir ætli að skifta öðru vísi málum en áður á milli skrifstofanna, Jónas vill fá póst og síma undir dómsmálaráðuneyti en láta eitthvað í staðinn. Það er hægt að reka marga bæði frá póstafgreiðslu og síma, og t.d. byrja á Gísla J. Ólafssyni. hvort hann fær því framgengt er nú eftir að vita, en Jónas gerir alt sem honum dettur í hug. Mikið ósamkomulag hvað vera í Framsóknarfl. og eru sagðar tröllasögur af samkomulagi og rifrildi er hvað vera á flokksfundum, t.d. átti Jón í Stóradal að segja um daginn á fl.fundi að hann væri fyrir löngu búinn að fá sannanir fyrir því að það væri alt satt er dr. Helgi T. hefði sagt um heilsu Jónasar, og Guðmundur í Ási átti að hafa sagt að það væri nú óvíst hversu lengi hann yrði í þessum flokki þar sem svona stjórn væri. Jón í Stóradal hvað vera eitraður á móti Jónasi, það er víst. Flestir sem nokkuð um stjórnmál tala, eru alveg hissa á hvað stjórnarandstæðingar eru ónýtir oft vitlausar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greinar í Morgunblaðinu, tvisvar síðan þing kom saman hefir ~~verið~~ það heldur hrósað Jónasi Hriflu og sagt að ekki hafi nú hann komið ~~ta~~ nálægt því sem þá var verið að finna að. Einar Arnórsson og Jakob Möller verða nú held ég ekki sér-lega harðir stjórnarandstæðingar, ég veit hreint ekkert hvað þessi sjálfstæð-isflokkur meinar.

Rútur kom frá útlöndum í fyrrakveld hann er víst eitthvað að finna stjórnina upp á styrk þann er honum hefir verið lofað en ekki fengið. Hann borðar hér, en ég nenti ekki að bjóða honum að gista. Hann býst við að standa stutt við. Sveinn talaði við okkur frá Siglufirði í gær, honum líður vel, en ekki hefur hann mikið að gera aðeins 3 sunnanbátar stunda núna síldveiði fyrir norðan og svo núna um tíma hefur víst sama og ekkert veiðst.

Bjarni Magnússon er austur í Lindarbæ er búinn að vera þar í 2-3 vikur

Í gær fóru verslunarmenn upp í Vatnaskóg þeir fengu Sellfoss til fararinnar, það voru afarmargir sem fóru sjálfsagt 8-900 manns. Veðrið var afleitt rigning og nokkuð hvast á útsunnan. Pabbi þinn vildi endilega

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fara og fóru með honum Kristjána og Ólöf og Guðrún. Benedikt er svo Lasinn í dag með hita, hann fór á fætur í morgun og út um kl. 11 en um kl. 12 kom hann heim aftur og var með köldu og hataði, eg bað svo H. Tómásson að koma og sagði hann að það væru margir sem væru núna veikir af hita og magaveiki en það myndi þetta vera en ekki annað

Nú er Fjóla búin að leigja dönskum manni Skjaldbreið, hann tók hótelið 1. júní, það er sagt að það gangi nokkuð vel og hann hvað enn þá standa í skilum með húsaleiguna sem er 1600 krónur á mánuði, en bakararnir sem leigðu bakaríið í kjallaranum fóru þaðan í gær, sendu lyklana á Matstofuna. Fjóla er með Daniel sínum upp í Borgarfirði, þau eru nýbúin að kaupa bíl, þau eru búin að vera 10 daga og koma víst um næstu helgi. Ólavía kona Þórðar passar Matstofuna á meðan.

Helgi og Kristín eru að hugsa um að sigla nú um miðjan þenna mánuð. Helgi Tóm. ætlar á læknafund er halda á í Sviss síðast í ágúst. Þau fara héðan með Gullfossi er fer héðan 15 eða 16. ág. eða þetta sagði Helgi mér um daginn.

Vertu blessaður og sæll Bjarni minn líði þér alt af sem best þín mamma
Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 13. sept.

Reykjavík 2. sept. 1931.

Elsku Bjarni minn.
Þakka þér hjartanlega tvö ágæt bréf sem eg fékk frá þér fyrir þrem dögum, eg hélt að þú værir í Stokkhólmi, og einmitt þegar þetta lögfræðingamót er, þann dag kemur bréfið frá þér að þú hafir ekkert farið. Það var búið að segja okkur að menn hefðu séð þig og talað við þig í Kaupinhöfn Rútur talaða við einhverja sem þóttust hafa hitt þig. hvna er nú oft tekið rangt eftir. Það er gaman að þú ferð um Rínarhéruðin þar hlýtur að vera afarfallegt. Við höfum hvorki skrifað þér eða sent þér blöð allan síðasta mánuð því við vissum ekki hvar þú myndir verða.

Hér ber nú sitt af hverju við þessa dagana. Það hafa tvö bifreiðarslys orðið síðustu viku, annað var kassabíll með 15 manns og meiddust þar þrír en enginn dó, en svo í fyrrinótt þá marghvolfdi bifreið með fjórum í og einn af þeim var Guðmundur Jóhannsson frá Brautarholti og brotnaði á honum höfuðið, og dó hann á leiðinni á sjúkrahúsið, en hitt er mikið meitt sérstaklega önnur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stúlkan er heitir Hrefna Þorsteinsdóttir frá Vík en er systurdóttir Jón Ólafssonar bankastjóra, hún hafði stýrt bifreiðinni þegar slysið vildi til, aðal bílstjórinn víst mikið fullur og það víst meira og minna.

Nú Kristján gamli maður Rósu andaður hann dó 30. ág. er búinn að vera mesti vesalingur í alt sumar, og slokknaði svo út af svona smátt og smátt úr elli og sliti. Það á að jarða hann á föstudaginn kemur á að flytja líkið austur að Búrfelli í Grímsnesi og jarða hann þar hjá fyrri konu hans. Hann hafði verið búinn að gera ráðstafanir til þess.

Á morgun á að jarða Gísla Ólafsson landsímastjóra, það er mælt að Hriflu Jónas hafi hætt að heimta það að hann fengi undir sig síma og póstmál, þegar Gísli var dáinn, því þá þurfti ekki að reka hann, en Guðm. Hlíðdal verður vissulega liðugur Jónasar maður.

Við hér á Skólavörðustíg 11 erum öll frísk og líður sæmilega eins og vant er, en á Laugaveg 66 er oftast lasleiki, bæði hjá Kristinu og Marenu, Kristín er nú núna í rúminu og krakkarnir eru oftast einhver lasinn, ekki samt meira en hefur verið oft áður. Helgi Tómas-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem er erlendis núna á læknafundi í Sviss, eg held í Bern, hann kemur aftur um miðjan mánuð sept.

Af því að engir synir mínir voru heima þá tók eg mér bessaleyfi og fór ~~vestur~~ austur á Rangárvelli að Gunnarsholti og helt þar ræðu á skemtun sem kvennfélag þar í sveitinni gekst fyrir, ekki gerði eg þetta þó ótilkvödd heldur eftir beiðni stjórnarinnar, eg verð svona að segja þér það, að þegar eg var búin, þá stóð Einar á Geldingalæk upp og sagðist ætla að leyfa sér í nafni fundarins að þakka mér þessa ágætu ræðu og kemur svo til mín og tekur í hendina á mér, heldur því þá ekki að næri allir komi og þakki mér fyrir með handabandi eg var næri orðin að klessu, eina bótin að eg er ekki mjög feimin. Eg tek það fram að Einar var alveg ófullur. Skemtunin fór hið besta fram. Eg var fyrir austan í þrjá daga, Sveinn kom á meðan fljúgandi að norðan og fór norður aftur sama daginn og eg kom um kveldið kl. 10 en hann fór um 6. Honum leiðist víst fyrir norðan núna, vantar bróa sinn. Pabbi þinn sagði að hann væri ekki ánægður með Bjarna Guðmunds. þætti hann fara seint að sofa o. s. frv.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo dregur nú Inga einsog gerist og gengur.
Hér í sumar hefir verið óvenju gott veður síðan í byrjun júlí, eg man ekki eftir jafnmörgum sólskinsdögum, enda er víst heyskapur orðinn ágætur hjá mörgum hér sunnanlands alstaðar hefir heyjið verið hirt af ljánum sem kallað er, en með verð á öllum afurðum bæði til lands og sjávar er afarillt útlit.
Pabbi þinn var um daginn 5 daga uppi í Kjós. Magnús Sigurðsson bauð honum að veiða í Laxá í Kjós. Þeir bankastj. hafa víst veiðirétt. þann, er Landsbankinn átti, sér til gamans. Pabbi þinn fór á föstud. en svo fór Magnús á laugard. og með honum Rosenberg og Tómas ölgerðarmaður, en á sunnudagsmorgun kem Jón Baldvinsson með Vilmund og frú og Guðrúnu Hriflunkarnn og eitthvað fleiri, þá varð Magnús Sigurðsson svo reiður að hann hringdi strax eftir bíl og fór suður og Rosenberg hafði verið að fussa og sveija Magnús hafði sagt að þetta væri pólitískt ferðalag. En meiningin er að Vilmundur á víst að verða landlæknir og þykir Magnúsi víst hart að Jónas skuli ekki bjóða Jóni bróður hans embættið sem hann er þó settur í.
Ranka biður að heilsa þér og sömul. Guðrún og Ólöf og pabbi þinn. Líði þér sem best þín mamma
Guðrún

Skrifa. 5. okt.

Reykjavík 24. sept. 1931.

Elsku Bjarni minn.

Þakka þér innilega bréf sem ég fékk í fyrradag.

Frá okkur er alt gott að frétta við hér á nr. 11 erum öll frísk og liggur sæmilega vel á okkur. Sveinn kom að norðan 5. sept, og hefir altaf verið nóg að starfa, svona oftast talsvert úti á þekju svo hann heyrir ekki nema stundum þó maður yrði á hann, en hann telur það kost að hann heyrir ekki betur en þetta. Aði skrykkjótt gengur víst með síldareinkasöluna eins og áður. Sveinn kom heim í dag með innsiglað skjal sem á voru skrifaðar margar fyrirspurnir viðvíkjandi einkasölunni og tunnukaupum hennar og ýmsu fleira, t.d. hversvegna aldrei hefði verið svarað bréfi er breska Aðalkonsúlatið, hefði skrifað síldareinkasölustjórninni og var það um það að Bretar buðu að senda upp í vor 16–18 verkstjóra er segðu fyrir um hvernig Bretar vildu láta salta og ganga frá síld og svo ef þeim líkaði hvernig þetta yrði gert vildu þeir

kaupa um 100 þúsund tunnur, en þessu bréfi hefir stjórn einkasölunnar stungið undir stól. Undir þessar fyrirspurnir skrifar Hafsteinn Bergþórsson, Sveinn, og Páll Ólafsson, svo eru þær stýlaðar til atvinnumálaráðherrans og hann beðinn að útvega svör við þeim. Sveinn sagði að þeir ætluðu allir þrír að fara með þetta upp í stjórnarráð núna í dag og afhenda það Ásgeir (sem er nú sem stendur einvaldur) og bíða meðan hann les skjalið. Tvær krónur segja þeir að útgerðarmenn eða saltendur fái fyrir innihaldið í hverri tunnu, ef þú heldur að það verði útkoma hjá sjómönnum og útgerðarmönnum.

Ekki er Rútur farinn enn þá. Pabbi þinn segir að hann ~~st~~ setji oft niðri á safni og sé að skrifa um Grænlandsmálið. Hann er hættur að borða heima, býr hjá Jónatan Hallvarðssyni og borðar þar víst líka.

Síðan í byrjun júlí hefir verið þessi ágætis veðrátta, eg man aldrei eftir jafnmörgum sólskinsdögum, nú í dag er þetta indælisveður 20 st. hiti á Ísafirði.

Eg er hálfhrædd að vita af þér í Berlín þar sem þessi ósköp ganga alltaf á. Ætli það verði nú ekki stríð út úr öllum þessum peningavandræðum.

Allir biðja að heilsa þér. Vertu blessaður og sæll þín mamma
Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 2. nóv. 31

Reykjavík 22. okt. 1931.

Elsku Bjarni minn.

Þakka þér kærlega öll þín bréf sem alltaf er gaman að fá, það síðasta fekk eg inni í hjá B og G. daginn eftir afmæli þeirra, þeim þótti nú heldur gaman að fá bréf frá þér og sögðu að alltaf væri Bjarni eins að muna eftir sér.

Eg er nú heldur óvíst að skrifa því bæði er eg það í raun og veru og svo hefi eg mikið að gera, Rósa hjálpar mér með að hreinsa gólfin og leggja í ofnana, en annars er ég ein, þykir það miklu skemtilegra að ýmsu leyti að hafa ekki neina óviðkomandi manneskju hangandi yfir sér og svo er það mikill sparnaður. En auðvitað hefi eg talsvert meira að gera og kemur það best í ljós þegar allar systurnar eru farnar í skólann. Svo hefi eg verið að koma á saumanámskeiðum fyrir Heimilisiðnarf. og gengur það ágætlega, er byrjað fyrir ungar stúlkur en stendur til að annað verði fyrir húsmæður og byrji nú um næstu mánaðarmót.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo fór stjórn Kvennfélagasamb. austur á Eyrarbakka núna á laugard. var, þar er matreiðsluskóli 3ja mánaða er það styrkir, stjórnin er R. systir frú Guðr. Briem og ég, skólinn gengur ágætlega, svo héldum við fund með 40-60 konum sem líka gekk ágætlega og komum svo heim um kveldið um kl 10.

Ólöf systir þín hefir verið lasin síðan á mánudag verið með hita, slæm í maganum, en nú er henni að batna var nærri hitalaus í morgun annars eru allir í fjölskyldunni frískir núna og er það óvanalegt.

Hér er mest talað um vínsöluna á Borg og nenni ekki að fara að skíra þér nákvæmlega frá því en við sendum þér blöðin og þar sérðu um þetta, lýtur út fyrir að þetta verði hálfgert hneykslismál, þeir menn sem eiga að gæta laganna meira og minna við það riðnir, Hermann lögreglustjóri er eitthvað að afsaka sig en það er nú frábær kattarþvottur, og að vera að tala um að það þurfi að hafa leynilögreglu til að komast fyrir um hvort veitt sé ólöglega vín á Borg, þar sem allir sjá það sem vilja sjá. Eg hefi nú aðeins verið á einni skemtisamkomu (dansleik) á Borg, 1. des í fyrra, og þar var lögreglustjóri, og þegar búið var að borða og alt vín var af borðum sá ekki vín á nokkrum manni, svo voru tveir lögregluþjónar við sitt hvorar dyrnar, en eg hefi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aldrei séð eins alment og mikið fyllerí á konum og körlum, og var þar um nóttina. Vonandi verður veitingaleyfið tekið af Jóhannesi, auðvitað er ekkert réttlæti til hér í landinu, svo þetta verður ef til vill svæft. Pabbi þinn segist aldrei hafa keyft vín á Hótel Borg svo ekki verður hann við þetta riðinn.

25 okt Nú er stjórnin búin að setja á innflutningshöft á allar mögulegar vörur eins og þú sérð í auglýsingum í blöðunum frá Tryggva, það er víst að þetta eykur ákaflega dýrtíðina hér í Reykav. Er hálfundarlegt að banna innflutning á almennum skófatnaði og gúmmískóm, sem allur almenningur ómögulega getur án verið. En það er alt á sömu bókina lært, og fólk er hætt að kippa sér upp við þó alt sé vitlaust, það er ekki búist við öðru en öllu því versta meðan þessi stjórn ríkir. Nýji fjármálaráðherrann heldur bamalegar ræður um fjármálin í útvarp sjálfur getur þú dæmt um þessi skrif hans í Tímanum, þá er nú Jónas ógn viðbjóðslegur í Tímanum þar sem hann er að tala um baráttuna gegn áfenginu, þvílíkur yfirdrepsskapur og taumlaus lygi og illgirni. En þetta gengur í bandamenninguna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvað ég vildi að þú værir kominn á þing og reyndist góður sonur fyrir Ísland sem ég held að sé nú verið að eyðileggja.
Ég kom inn á Laugv. 66 í gær eins og oftar og sagði Al systir mér að Jónas frá Hriflu hefði þá daginn áður hringt Páll Steingrímsson upp og skammað hann svo hroðalega að annað eins hefði nú ekki heyrst. Tilefnið var að daginn áður hafði verið í Vísi bréfkafli úr Árnessýslu að manni sýndist hundómerkilegur, skrifaður af Páli í þessum veitakarla stíl, verið að tala um 25 hross sem hefðu verið rekin að Laugarvatni til átu o. s. frv. Jæja þessi vaðall fór nú svo í taugarnar á Jónasi að hann sagði við Pál, að nú skyldi hann ekki hlífa honum lengur, hann skyldi drepa hann og börn hans, annaðhvort lífs eða liðinn, og allt var eftir þessu, og svo hafði verið mikill hávaðinn að heyra í tímanum að Páll sagði að það hefði verið eins og hann Jónas hefði verið að kasta stólum og barið í borðið. Það er sama þó Jónas hamist svona þeir geta ekki um þetta í blöðunum, en hvað heldur þú að Jónas gerði. Mér finnst nú eins og baráttunni er háttað, að það eigi að beita Jónas sömu vopnum og hann beitir
Allir biðja hjartanlega að heilsa þér. Líði þér sem best þín mamma Guðrún.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Elsku Bjarni.

Ég sendi þér að gamni þessa ágætu bók, ef þú hefir ekki lesið hana þá hefir þú gaman að lesa hana um jólin. Finnur Jónss

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var búinn að lofa mér að
grafa annað á hnífinn, en
veikst um það.
Allir biðja að heilsa
þér og óska þér gleðileg
jól. Jeg vildi nú helst að
þú færir að fara til Berlin.
Gleðileg jól Bjarni minn
þin mamma Guðrún

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 9. des. 1931

Elsku Bjarni minn.

Þakka þér hjartanlega bréfið frá þér sem ég fekk á afmælinu mínu og þótti mjög vænt um. Ég hefi ekki haft manndáð í mér að skrifa þér síðan, enda hefir bæði pabbi þinn og Runka skrifað þér.

Það hefir verið gustur á Sveini bróður þínum núna síðustu dagana, eða síðan að Síldareinkasölu fundurinn hófst. Hann sagði í dag þegar hann kom heim að borða að hann væri kallaður þjóðhetja, annars er það gaman laust algjörlega Sveini að þakka að svona er komið, að Tryggvi er búinn að gefa út bráðabyrgðalög sem nema einkasölund úr gildi. Ég nenni nú ekki að skrifa um allt það sem heyrst hefur um einkasöluna, því bæði veist þú það nú sjálfur, og svo er nú mikið um það í blöðunum, ég fór á fundinn sem haldinn var í Varðarhúsinu, þar sem Sveinn var málshefjandi, þar var þéttskipað inni og svo fullt úti að Sveinn var beðinn að tala úr dyrunum, ég skal segja þér að það var rödd sem rumdi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr bróður þínum, mér þótti Sveinn tala vel. hans framsöguræða var víst í kl.tíma og hann hafði ágætt hljóð. Svo talaði Ingvar Guðjónsson og byrjaði á að segja að hann hefði nú ekki nent að hlusta á þessa slefu úr Sveini sem hann væri með alt af á fundum og í blöðum, en svo reyndist það að hann var alveg sammála um að einkasalan væri ófær, en fundarmenn létu mjög í ljósi óánægju sína yfir því að hann byrjaði á því að setja þessi horn í Svein. Annars má telja það mikla gyftu fyrir Svein að hann skuli hafa gengið af Síldareinkasölunni dauðri. Mest er grínið við það að bolsamir kjósa sig í útflutningsnefnd, og svo er með bráðabirgðalögum búið að nema fyrirtækið úr gildi þegar þeir koma heim. Má för þeirra heita hin háðulegasta. Er mér mikil gleði að þessu öllu, og svo kemur nú þú Bjarni minn. Þú hefir nóg að starfa þegar þú kemur heim en ekkert liggur nú á. Búðu þig sem best undir lífið, og haltu því sem þér hefir verið best gefið að vera réttsýnn. og beyttu þér aldrei fyrir röngu máli Það er nú ekki eins og búið sé að kveða niður alt svínarí og svíksemi þó einkasalan sé úr sögunni. Hér í Reykjavík í haust rekur hvert hneikslismálið annað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Má þar fyrst tilnefna allar hneykslissögur af Borgarmálunum. fyrst Jóhannesar og hvernig það opinbera lét reka það með hlutdrægni, svo verður Björn hirðbakari uppvís um stórkostlega vínsmyglun, hann er látinn ganga laus svo hann geti sem best í samráði við aðra logið sig sem mest út úr skömminni. Nú er orðinn Borgarstjóri einhver Einar Guðmundsson sem fyrir nokkrum árum bjó á Laugveg 18 og seldi þar fæði. Voru þá, sífeldar kvartanir yfir gauragangi þar á nóttunni, má því nærri geta að hann passar í kramið. Annars endar náttúrlega þessi Borgarsaga á því að alt verður gjaldþrota, ~~alt~~ altalað er að Jóhannes skuldi um 90 þúsund fyrir vín, ósköp fyrir rafmagn, og þarf úr degi í sumar var lokað fyrir símann, því þá hafði hann ekki borgað símagjald í marga mán.

Svo er nú ein hneykslissagan enn þá, eg heyrði hana fyrir um mánuði síðan en fanst hún svo ótrúleg að engin líkindi væri að hún væri sönn, en nú fyrir nokkrum dögum sagði Sig. Eggerz pabba þinum þessa sömu sögu og er hún um það að bankastjórarnir í Útvegsbankanum voru í fjárþröng í haust og vildu fá fé að láni í Landsbankanum, en Magnús þverneitaði. þá gerðu þeir sér lítið fyrir og tóku seðla sem búið var að taka úr umferð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

felja og binda utan um, og voru aðeins óbrendir, þá settu þeir aftur í umferð til að lána út. Þú sem lögfræðingur getur nú dæmt um hvort þetta er saknæmt. Sig. Eggerz sagist myndi hafa verið settur beinaleið í steininn ef hann hefði gert þetta. En þetta er satt. Sig Eggerz kvaðst sjálfur hafa séð þetta í bókum bankans.

Það eru alstaðar svik og bygl. T. d. í haust bilaði hitunin á Laugarvatnsskólanum, svo að það þurfti að senda kol austur. Var fenginn bifreiðarstjóri til að fara með kolin, fór hann síðan með reikninginn upp í stjórnarráð, en þá þurfti hann að breyta honum, því kolin og flutningurinn voru skrifuð hjá Þór. Svona er falsið alsstaðar. Heldur þú að það væri þörf á að hræra í þessum forarpolli.

Aumingja Ásgeir fjármálaráðherra, hann gerir sig heldur hlægilegan með þessum barnalegu skrifum sínum í blöðin. Það hefði áreiðanlega verið best fyrir hann að láta halda áfram að dekstra sig til að verða ráðherra. En þessi ósköp geta svo sem staðið talsvert enn því þjóðin er orðin svo andlega sljó að hún kann ekki skil á réttu og röngu.

Systur þínar eru að keppast við að sauma á maskínu á brúðurnar sínar, þær biðja að heilsa sínum góða bróður. Vertu blessaður Bjarni minn

Líði þér altaf sem best þín mamma
Guðrún

anda, og ætlaði hann að fá þig, eg sagði honum að þú værir siglduur til Þýskalands og yrðir þar minnsta kosti ár, þótti honum helduur langt að bíða eftir þér að þú kæmir aftur. Síðan hefir Gunnar Sigurðsson komið hingað og hefir aumingja Björn fengið Gunnar fyrir sig. Gunnar sagðist hafa bent honum á þig.

Það er verið að byggja við húsið á Laugaveg 66. undarlega finnst mér það ráðið að vera að kosta upp á það 12–15 þúsundum til þess að fá tvö herbergi í viðbót. Eg er sannfærð um að Kristín og Helgi verða aldrei lengi þar.

Eg hlakka til að frétta bráðum af þér, bið kærlega að heilsa Rúti.

Líði þér alt af sem allra best

þín mamma

Guðrún Péturs.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur